

T I L L A G A

til þingsályktunar um stefnur þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðlaugur Óskarsson.

Kirkjuþing ályktar að stefnur þjóðkirkjunnar gildi til 1. janúar 2023.

Greinargerð.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir: *Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.*

Gildistími stefna þjóðkirkjunnar, sem samþykktar hafa verið af kirkjuþingi, var framlengdur til 1. júlí nk. með þingsályktun í 33. máli þessa kirkjuþings í október 2021. Ekki hefur unnist tími til að hefja endurskoðun þeirra og er því lagt til að þær falli ekki úr gildi 1. júlí nk. heldur gildi til næstu áramóta.

Gildandi stefnur þjóðkirkjunnar eru eftirfarandi:

1. Stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, samþykkt á kirkjuþingi 2000.
2. Fjárfestingarstefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2008.
3. Samskiptastefna þjóðkirkjunnar 2011-2014, samþykkt á kirkjuþingi 2011.
4. Stefna og starfsáherslur þjóðkirkjunnar 2004-2010.
5. Stefna þjóðkirkjunnar um kristniboð.
6. Samkirkjustefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2016.
7. Vímuvarnarstefna þjóðkirkjunnar.
8. Stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2018.
9. Starfsmannastefna þjóðkirkjunnar, er tók gildi 1. janúar 2003.
10. Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2019.
11. Fasteignastefna þjóðkirkjunnar, samþykkt kirkjuþingi 2020-2021.
12. Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar.

13. Persónuverndarstefna þjóðkirkjunnar.
14. Tónlistarstefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2019.
15. Fræðslustefna þjóðkirkjunnar 2018-2022, er tók gildi 1. janúar 2019.